

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, athafnasvæði við Sólheimaveg.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sér skilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir heimild fyrir hreinlegan léttan iðnað og athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaáfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 15 lóðum, 11 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðir eru á bilinu 1.575 m² til 2.400 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 15. febrúar 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Miðborgir í landi Miðengis, lóðir undir frístundabyggð.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Borgarleynis 7. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits innan lóðar. Fyrir liggur samþykki aðliggjandi lóðarhafa vegna breytingarinnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Efri-Brú í Grímsnesi, frístundahúsabyggð.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðanna Brekkur 8, L225993, og Brekkur 9, L219238. Í breytingunni felst að byggingarreitir beggja lóða eru skilgreindir í 10 metra fjarlægð frá innbyrðis lóðamörkum.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2023.

Hestur - lóð 105, L168611. Auknar byggingarheimildir frístundasvæðis í landi Hests. Deiliskipulagsbreyting.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðisins að Hesti. Í breytingunni felst að heimilt verði að hafa kjallara undir húsum innan svæðisins þar sem landhalli og aðstæður bjóða upp á slíkt. Engar aðrar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. apríl 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. apríl 2023